



Málörvun ungra barna

Leiðbeiningar talmeinafræðings

Foreldrar og forráðamenn gegna lykilhlutverki þegar kemur að málörvun ungra barna. Mikilvægt er að huga að ríkulegu málumhverfi strax frá fæðingu og nýta hvert tækifæri til málörvunar, líka áður en börnin fara að tala sjálf.

Ef barnið reynir ekki að herma eftir er hægt að leika hreyfingar

- Til dæmis dansa, gefa dúkku að borða eða nota leikföng.
- Bæta hljóðum við þegar barnið er farið að herma eftir hreyfingum.

Hafðu alltaf í huga að nota hvert tækifæri til að örva mál barnsins án þess þó að gera kröfur á að barnið hermi stöðugt eftir.

Þegar barnið notar fá eða engin orð

- Farðu í eftirhermuleiki með hljóðum, til dæmis „týndur-bö“, „svona stór“, og mynda hljóð með.
- Farðu í hljóðaleiki með röddinni, til dæmis flissa „ihihih“, færa hljómfall upp og niður, herma eftir dýrum og leikföngum, segja „ó-ó“.
- Tengdu hreyfingu og hljóð saman, t.d. „bæ bæ“ „bank bank“. Notið alltaf hreyfinguna.

Færðu þig seinna yfir í hljóð og orð.

Afingar sem henta öllum börnum

- Tengja hljóð og orð við athafnir. Segja til dæmis „vííí“ þegar einhver er að renna eða róla, „obbobb“ eða þegar eitthvað skrítið gerist. Segðu til dæmis „bababa“ þegar þú ert að tromma, sussa á dúkku eða bangsa og „glúgg glúgg“ þegar þið hellið í glas.
- Tala við sjálfan sig. Til dæmis „núna ætla ég að standa upp“ eða „núna ætla ég setja í þvottavélina“.
- Lýsa því sem þú ert að gera. Til dæmis: „nú tökum við skóna og setjum þá í hilluna“ eða „dúkkan liggur í rúminu“.
- Nefna hluti og athafnir.

Gættu þess að gefa barninu svigrúm til að svara þegar þið eruð að spjalla eða skiptast á í samskiptum. Gott að nota orð eins og „núna þú (eða nafn barns)“ og „núna ég (eða mamma eða pabbi)“ í leik.

Þetta fræðsluefni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðsluefnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.